

## **Fundargerð**

18. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins  
Keldnaholti, 6. september 2012 kl. 13:00 – 14:45

*Mættir aðalmenn:* Skúli Skúlason, formaður, Áslaug Helgadóttir, Emma Eyþórsdóttir, Aðalsteinn Sigrgeirsson.

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir, starfsmaður erfðalindaseturs LbhÍ. og ritaði hún fundargerð.

### **1. Samþykkt dagskrár**

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskrá samþykkt.

### **2. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð frá 17. fundi var samþykkt.

ÁH óskaði eftir því að fært yrði til bókar að það væri miður að ekki hafi verið haldin fundur í Erfðanefnd síðan 16. nóvember 2010, var það samþykkt.

### **3. Staða mála frá síðasta fundi**

BKB og SS skýrðu frá stöðu mála frá síðasta fundi og fóru yfir starfsemi erfðalindaseturs.

Lokaskýrslur bárust fyrir eftirtalin verkefni: Skráning gamalla túna, Erfðabreytileiki íslenskra landnámsheimsna, Erfðabreytileiki í norrænni hvönn, Söfnun hafrásæðis og nýting og Uppruni íslenska hestsins. Engir styrkir voru veittir árið 2011. Fimm erindi varðandi innflutning á lifandi dýrum bárust nefndinni til umsagnar árin 2011 og 2012. Að mati nefndarinnar uppfyllti ekkert þessar erinda skilyrði um áhættumat unnið af óháðum aðila eins og gert er ráð fyrir í reglugerð um varðveislu og nýtingu erfðaaauðlinda í landbúnaði frá 25. Janúar 2005.

*SS var falið að skrifa ráðuneytinu bréf og óska eftir því að áhættumat kostað af innflytjanda fylgi með umsóknum um innflutning á lifandi dýrum, og hafi frumkvæði að því að ræða við aðra umsagnaraðila, sérfræðinganevnd um framandi lífverur og náttúrufræðistofnun.*

### **4. Rekstur og áætlunargerð**

Lagt var fram uppgjör ársins 2011 ásamt drögum að áætlun fyrir 2012.

Inneign í byrjun árs 2011 var kr. 7.879.992, þar af var framlag á fjárlögum 2011 kr. 3.400.000 og gjöld kr. 5.232.982, inneign í lok árs var kr. 2.647.010 kr. og þar af eru kr. 1.233.650 bundnar í ógreiddum lokagreiðslum styrkja

Áætlun fyrir árið 2012 var lögð fram og í henni gert ráð fyrir óbreyttu framlagi til nefndarinnar kr. 3.400.000. Til ráðstöfunar eru þá kr. 6.047.010. Stofnverndarframlag til verndunar geitfjástofnsins verður 1.800.000 kr. og 2.500.000 kr vegna verksamnings við erfðalindasetur.

Rætt var um eftirfylgni vegna skyrkja og að lokagreiðsla verði felld niður hafi nefndinni ekki borist lokaskýrsla tveim árum frá styrkveitingu. Rætt var um fjárveitingar til erfðanefndar, en fjármagn til nefndarinnar er skilgreint í búnaðarlagasamningi hverju sinni. Ekki verður fekari

niðurskurður og framlagið verður það sama og fyrir árið 2012. Rætt var um gildi þess að skilgreina þurfi sérstakan lið á fjárlögum fyrir þann efnisflokk sem erfðaaudlindir í landbúnaði falla undir, þó svo að reglugerðin um hlutverk og starfsemi erfðanefndar sé áfram undir búnaðarlögum. SS sagðist hafa rætt við Þorstein Tómasson í Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, sem Erfðanefnd heyrir nú undir, um þessi mál og ætlaði að kanna betur afstöðu ráðuneytisins.

*Samþykkt var að SS ritaði Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti bréf og óska eftir því formlega að fjárframlög til starfsins fari ekki í gegnum búnaðarlagasamning heldur verði framvegis skilgreind sem sérstakur liður á fjárlögum.*

*Samþykkt var að fella niður lokagreiðslur fyrir tvö verkefni, um forystufé frá árinu 2007 og veggsþjöld um íslensku húsdýrin frá árinu 2008, samtals að upphæð kr. 621.150, þar sem lokaskýrslur hafa ekki borist nefndinni. Styrkhöfum verði tilkynnt um það bréflaga.*

## **5. Önnur mál**

Rætt var um verndaráætlun fyrir íslenska geitastofninn. Ákveðið var að halda hálf dags ráðstefnu í Þjóðminjasafni Íslands þann 19. október n.k. um geitur og kynna m.a. verndaráætlunina. Rætt var um að fá erlendan fyrirlesara á ráðstefnuna sem væri kunnugur verndun og nýtingu lítilla stofna eins og íslenska geitastofnsins.

Nýr samstarfssamningur við erfðalindasetur var samþykktur og gildir hann fyrir árið 2013 og það sem eftir er af árinu 2012. Í samningnum er kveðið á um almenn verkefni sem setrið skal inna af hendi fyrir nefndina ásamt ákveðnum atriðum sem tengjast stefnumörkunaráætluninni. Auk þess að vinna að nýrri landsáætlun um verndun erfðaaudlinda í íslenskri náttúru og landbúnaði fyrir árin 2014-2018.

ÁH lagði til að á næsta ári yrði dagur kartöflunnar haldinn, m.a. til að minna á þá fjölbreytni sem finnst í kartöfluyrkjum hér á landi.

*EE falið að kanna hvort Nordgen gæti verið innan handar með fyrirlesara á ráðstefnuna og hvort möguleiki væri á fjárstuðningi frá þeim vegna ferða- og upphaldskostnaðar fyrirlesara.*

## **6. Næsti fundur**

Næsti fundur var ákveðin um miðjan desember 2012